



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á hátíðarsamkomu  
í Þjóðleikhúsinu  
í tilefni af  
350 afmæli Árna Magnússonar  
13. nóvember 2013**

Yðar Hátign  
Heiðruðu gestir

Menning okkar Íslendinga, vitundin um samstöðu og sjálfstæðan rétt er samofin arfinum, sögum og ljóðum, sem allt frá upphafi byggðar hafa verið sá efniviður sem best hefur dugað; öld af öld eflt þrótt og þor á hörðum vetrum, lýst upp torfbæina og glætt fábreytta tilveruna nýrri von; staka bóndans á fátæku koti og verk Nóbelskáldsins greinar af sama meiði; skáldsögur og ljóð síðustu ára vitnisburður um samhengið í þessari þúsund ára sögu.

Þó stóð tæpt á dimmum öldum harðræðis og hörmunga að gamlir textar myndu glatast en æviverk Árna Magnússonar og stuðningur úr ýmsum áttum urðu til bjargar; dýrgripir aldanna gátu í fyllingu tímans orðið sá hornsteinn sem bar endurreisn íslenskrar menningar, sjálfstæði þjóðarinnar.

Í Kaupmannahöfn var áður í senn bókhlaðan og fræðasetrið, hofið sem mótaði íslensk fræði, styrkti vitund og virðingu þjóðarinnar gagnvart sögu sinni og menningararfi. Því varð það metnaður hins unga lýðveldis að fá handritin heim, gersemar sem voru þjóðinni það sama og öðrum hallir, kastalar og höfuðkirkjur.

Danir sýndu í fyllingu tímans það drenglyndi að samþykkja flutninginn; fágætt vinarbragð í veraldarsögu síðustu aldar.

Að Margrét II Þórhildur, drottning Danmerkur, skuli vera með okkur hér í kvöld sýnir hvernig heimkoma handritanna innsiglaði ævarandi vináttu Dana og Íslendinga; heiðursvottur sem við metum mikils.

*Deres Majestæt.*

*Det er for os islændinge en stor glæde at Dronningen deltager her i aften til Árni Magnússons jubilæum.*

*Håndskrifterne er kernen og sjælen i den islandske kulturarv og når de første håndskrifter blev af inspektionskibet Vædderen bragt tilbage for mere end fyrre år siden var det et af det største øjeblikke i vores moderne historie.*

*Árni Magnússons livsværk, håndskrifternes rejse gennem mange århundreder, forskning og digtning, spundet af fortidens fortællekunst, er alt sammen vidnesbyrd om Islands og Danmarks tætte historiske bånd.*

*Tidligere i dag fik Deres Majestæt overrakt det første eksemplar af en ny bog, København, Islands hovedstad i 500 år, og i aften fejrer De sammen med os islændinge at det lykkedes os i fællesskab at bevare håndskrifternes dyrebare arv og gøre den til en evigt ung kilde til videnskab og kunst.*

*Deres Majestæt.*

*De kender godt de islandske sagaer og ved at mange sætninger herfra har levet med nationen igennem århundreder.*

*”Dine gaver er gode, men jeg sætter endnu større pris på dit venskab,” sagde Gunnar på Hlíðarendi til Njal; ja, der er mange lignende sætninger som islændingen har husket igennem århundreder.*

*En af disse sætninger, ganske vist lidt yngre, var de fire ord som Danmarks undervisningsminister udtalte da han overrakte det første pergamenthåndskrift som Vædderen bragte til Island. Anledningen var stor og hele den islandske nation fulgte med ved hjælp af ny teknik; ordene var enkle.*

*”Vær saa god: Flatøbogen.”*

*Og nu siger vi islændinge her i aften til Deres Majestæt og til det danske folk:*

*Tak.*